

REGLUR

um breytingu (21) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Ákvæði 48. gr. reglnanna breytast og verða svohljóðandi:

Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald kr. 45.000 fyrir heilt háskólaár. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabíla. Háskólaráði er heimilt að verja hluta skrásetningargjaldsins til Félagsstofnunar stúdenta.

Háskólaráð staðfestir nánari reglur um innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjaldsins sem birtar skulu í kennsluskrá og á háskólavefnum. Í reglunum skal kveðið á um gjalddaga og eindaga gjaldsins og meðferð heimilda til lækkunar gjaldsins og endurgreiðslu þess. Við lækkun og endurgreiðslu skal tekið mið af kostnaðarliðum gjaldsins eins og þeir eru skilgreindir á grundvelli laga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 95. gr. reglnanna, sem fjallar um B.S.- og B.A.-nám við viðskipta- og hagfræðideild:

1. Önnur málsgrein 95. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Prófgreinar til B.S.-prófs í viðskiptafræði eru hagfræði, markaðsfræði, reikningshald, stjórnun, stærðfræði, tölfraði, upplýsingatækni og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun viðskiptaskorar, alls 90 einingar.

2. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Inntökuskilyrði í B.S.- og B.A.-nám í viðskipta- og hagfræðideild er stúdentspróf af bóknámsbraut eða sambærilegt próf að mati deildarinnar. Raungreinadeildarpróf frá Tækniháskóla Íslands (áður Tækniskóla Íslands) og stúdentspróf að lokinni viðskiptabraut og viðbótarnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, teljast sambærileg stúdentsprófi af bóknámsbraut og nægja til inngöngu í B.S.- og B.A.-nám í deildinni.

3. gr.

Í stað 1. mgr. 118. gr., sem fjallar um inntökuskilyrði og námsáætlun í raunvísindadeild, koma þrjár málsgreinar svohljóðandi:

Til viðbótar stúdentsprófi gerir raunvísindadeild kröfur um að stúdentsprófið innihaldi að lágmarki eftirfarandi fjölda eininga í einstökum greinum: stærðfræði 21 eining og raungreinar samtals 30 einingar, þar af a.m.k. 6 einingar í eðlisfræði, 6 einingar í efnafræði og 6 einingar í líffræði. Þó er öllum sem lokið hafa stúdentsprófi heimil innritun í nám til B.S.-prófs í landfræði og ferðamálafræðum.

Skorti 8 einingar eða minna á að lágmarkskröfum 1. mgr. sé fullnægt getur raunvísindadeild engu að síður heimilað nemanda að innritast í nám við deildina en henni er þá heimilt að setja skilyrði um að nemandinn ljúki námi í tilteknum greinum sem á vantar sem fyrst eftir innritun í raunvísindadeild eða samhliða námi sínu í deildinni.

Raungreinadeildarpróf frá Tækniháskóla Íslands, áður Tækniskóla Íslands, nægir til inngöngu í raunvísindadeild til jafns við stúdentspróf, enda sé fullnægt skilyrðum um lágmarkskröfur í einstökum greinum, samanber 1. og 2. mgr. hér á undan.

Allir sem lokið hafa þriggja ára háskólanámi til fyrstu háskólagráðu í hvaða grein sem er uppfylla skilyrði til að innritast í raunvísindadeild.

Deildarráði er heimilt að setja nánari ákvæði um útfærslu á 1. til 3. mgr. og skulu þau þá birt í kafla deildarinnar í kennsluskrá.

Önnur til fimmta málsgrein 118. gr. verður 6. - 9. mgr.

4. gr.

Ákvæði 2. og 3. gr. reglna þessara, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 og tillagna háskóladeilda öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1. gr. reglna þessara, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga nr. 132/2004 um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, öðlast gildi þann 1. janúar 2005.

Háskóla Íslands, 21. desember 2004.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.